

**Gleymum ekki
geðsjúkum:**

Nauðsyn áningarstaðar milli sjúkrahúss og heimilis

Aningastaður milli sjúkrahúss og heimilis

Geðsjúkdómar og geðkvillar leggja þungar byrðar á þjóf-félag okkar og einstaka þegna þess. Geðsjúkdómar og geðkvillar eru miklu algengari en menn gera sér almennit grein fyrir. Það er haft fyrir satt, að annar hver maður mun eiga við geðkvilla að stríða um lengri eða skemmri tíma áður en hann nær 75 ára aldri. Það er talið á hverjum tíma þjáist 20-25 af hundrabi fullorðins fólks af geðkvilla og á hverjum tíma séu fjórir til fimm af þúsundi svo illa haldnir af geðsjúkdómi, að þeir þurfa vistun á geðsjúkrahúsi eða öðrum hentugum dvalarstað. Hér á landi eru aðeins til um tvö vistunarrými fyrir geðsjúklinga á hverja 1000 íbúa.

Samfelld keðja.

Meðferð og endurhæfing geðsjúkra er mjög fjölpætt og til að geta sinnt þeim svo vel sé, verður að mynda samfellda þjónustukeðju fyrir þá og fjölskyldu þeirra, allt frá fyrirbyggingu og frumþjónustu til langvarandi umönnunar, þegar hennar er þörf. Það verður að vera unnt að sinna bráðum sálkreppum án tafar, veita þeim sem haldnir eru alvarlegum geðsjúkdómi fullnægjandi meðferð og gefa þeim, sem hafa átt við langvarandi geðsjúkdóm að stríða, tækifæri til endurhæfingar. Þessi þjónustukeðju þarf

mikið húsrými í göngudeildum, á sjúkradeildum, endurhæfingadeildum, langdvalardeildum, áningastöðum milli sjúkrahúsa og heimila og í verndubum heimilum. Til að veita þjónustu í þessari keðju þarf mikinn mannafla með margvíslega menntun svo sem lækna, geðhjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara og marga fleiri.

Endurhæfingu ábótavant

Þau vandamál, sem eiga rót að rekja til geðsjúkdóma, eru svo mikil, að engin von er til þess, að starfsmenn geðheilbrigðisþjónustunnar geti leyst þau einir jafnvel þótt þeir hefðu betri starfsskilyrði en raun ber vitni og þeir verða því að leita eftir samstarfi við fjölmarga

aðila. Þannig er mikilvægt að starfsmenn geðheilbrigðisþjónustunnar leiti eftir samstarfi við fulltrúa vinnumarkaðarins og meðlimi félaga, sem láta mál efni geðsjúkra til sín taka, t.d. Geðverndarfélagið, Geðhjálp og Kiwanis-hreyfinguna.

Einn af veikustu hlekkjum í þjónustukeðju geðsjúkra er endurhæfingarhlekkurinn. Flestir þeirra, sem hafa átt við langvarandi geðsjúkdóma að stríða þurfa á fjölpætri endurhæfingu að halda og gildustu þættirnir eru starfsþjálfun og félagsleg þjálfun. Til þess að koma slíkri þjálfun við er nauðsynlegt að hafa rými á endurhæfingardeildum. Til þess að koma við starfsþjálfun er auk þess nauðsynlegt að hafa svigrúm á verndubum vinnustöðum

og góða samvinnu við aðila á hinum almenna vinnumarkaði. Til þess að koma við félagslegri þjálfun er nauðsynlegt að hafa húsrými á áningarstöðum milli sjúkrahúss og heimilis.

Of lítið rými

Skilyrði til endurhæfingar eru slæm hér á landi. Rými á endurhæfingardeildum er allt of lítið. Verndaðir vinnustaðir eru of fáir og sama máli gegnir um áningastaði. Fjölmargir geðsjúklingar, sem hafa átt við langvarandi geðsjúkdóma að stríða, eiga því ekki kost á fullnægjandi endurhæfingu. Þeir verða því að býrast lengur á geðsjúkrahúsum en heppilegt er ellegar berjast í bökkum í samfélaginu vegna skorts á starfslegri og félagslegri færni.

neðanmáls



Oddur Bjarnason, læknir, fjallar hér um þörfina sem er hér á landi fyrir áningarstaði fyrir geðsjúklinga á leiðinni milli sjúkrahúss og heimilis, sem séu hlekkur í þjónustukeðju, er til þurfi að vera innan heilbrigðiskerfisins. Endurhæfingin sé nú veikasti hlekkurinn í þessari keðju.



Hér á landi eru aðeins til um tvö vistunarrými fyrir geðsjúklinga á hverja 1000 íbúa.

Það er því gleðiefni að meðlimir Geðverndarfélagisins og Kiwanis-hreyfingarinnar hafa tekið höndum saman um að reisa áningarstað. Borgaryfirvöld hafa gefið vilyrði fyrir lög og væntanlega hefjast framkvæmdir á lóðinni að vori. Kiwanismenn munu eftir fáa daga leita eftir stuðningi hjá almenningi til þessara framkvæmda með því að selja Kiwanis-lykilinn og gefa mönnum þannig tækifæri til að sýna, að þeir hafi samúð með geðsjúkum og gleyma þeim ekki í vanda sínum.